

leysi, en það er alt annað en að skorast undan að greiða skyldukvöð. Það verður jafnvel eigi með vissu sagt, hvort slík undanfærsla hafi leitt af mótþróa eðr af efnaleysi.

Af þessum ástæðum skal úrskurðr sá, er þær herra amtmáðr hafid lagt á málið, ó-raskaðr standa, og eruð þær beðnir að tilkynna það hlutaðeigöndum.

61
9da
oktbr.
1873.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með bréfi herra amtmannsins 3. f. m. meðtók eg skjal frá Presthólahreppi, dagsett 24. nóvbr. f. á., er áfrýjar til dómsmálastjórnarinnar úrskurði norðr og austramtsins 8. febrúar 1870 um, að Presthólahreppr eigi að greiða Vopnafjarðarhreppi 114 rd. 93 sk. áfallna meðlagsskuld frá miðjum júlímánuði 1861 til 14. maí 1869 með Sigríði nokkurri Eínarsdóttur, þar að auki 18 rdl. 72 sk. meðlag fyrir árið 1869—70 og svo framvegis 20 rdl. árlega.

62
30sta
desbr.
1873.

Það er viðurkennt af öllum hlutaðeigöndum, að Sigríðr sú, er nefnd var, og nú er sögd dáin, ætti sveit í Presthólahreppi, þar eiginmaðr hennar, Árni nokkur Ormarsson, hefir verið sveitlægr í mörg ár, og enn er vistfastr. Þau Árni og Sigríðr slitu samvistum árið 1832 og fluttist Sigríðr fáum árum síðar austr í Vopnafjarðarhrepp. Þar varð hún sveitarþurfi, og krafði hreppstjórnin með bréfi 18. júní 1862 endrgjalds frá Presthólahreppi á styrk, er lagðr hafði verið með Sigríði árið 1861—62. Presthólahreppr færðist fyrst undan að greiða nokkurt meðlag, en eptir að amtið 22. júní 1865 hafði úrskurðað Sigríði sveitlæga í Presthólahreppi, var viðtekið af þessum hreppi með bréfi 3. apríl 1867 að greiða meðlag fyrir árin 1865—67 og að annast um árlegt framfæri Sigríðar, hvort sem það yrði í Vopnafjarðar eðr Presthólahreppi, en hið áðr áfallna meðlag neitaði Presthólahreppr að gjalda, og í bréfi 15. nóvbr. 1868 afsagði hann jafnvel að borga það, er síðar kynni að áfallast. Nú var aptr leitað til amtsins, og feldi amtið eptir að ákveðið var, að tengdasonr Sigríðar, sem er bóndi í Suðrmúlasýslu ætti, að leggja 10 rdl. árlega með Sigríði, úrskurð þann frá 8. febrúar 1870, er að ofan er um getið, og verður nú samkvæmt konungsúrskurði 29. júní 1872 og erindisbréfi s. d. § 12 að leggja fullnaðarúrskurð á málið.

Presthólahreppr hefir í áfrýunarskjali sínu farið fram á, að hrepprinn verði sýknaðr af 133 rdl. 69 sk. skuld þeirri til Vopnafjarðarhrepps, er hinn áfrýaði úrskurðr skyldar hreppinn til að gjalda eða þá, að málið annars kostar útkljáist með dómi. Hvað hina síðari kröfu snertir, þá verður ekkert tillit tekið hér til, þar sem þetta mál samkvæmt fátækra reglugjörðinni 8. janúar 1834, 3. gr. liggir einungis undir valdstjórnarúrskurði.

Þegar þar eptir á að ræða um sýknarástæður þær, er Presthólahreppr hefir tilfært, verður fyrst spurning um það, hvort styrkr sá, er lagðr hefir verið með Sigríði verði álitinn sveitarstyrkr. Presthólahreppr hefir viljað neita þessu af því, að styrkrinn hefir eigi verið ritaðr í Vopnafjarðar sveitarbók. Það verður nú eigi sagt annað, en að reglulegast sé að rita hvern styrk, er verður veittr ómaga, í sveitarbókina, en hinsvegar er það eigi skilmáli fyrir, að styrkr verði álitinn sveitarstyrkr, að hann sé ritaðr jafnóðum, og hann er veittr, í sveitarbók, og í máli því, er hér liggir fyrir, virðist Vopnafjarðarhreppr að hafa sannað á nægilegan hátt eigi að eins, að Sigríðr sú, er um er að ræða, hafi verið sveitarþurfi, heldr einnig að styrkr í rauninni hafi verið lagðr henni af hreppnum á þann hátt, að hrepprinn fékk styrkinn til láns hjá bónda, er veitti hreppnum endrgjaldsfrest með lánið til þess Presthólahreppr endrborgaði það, og kemr hér einkum til greina, að Vopnafjarðarhreppr innan árs eptir, að styrkrinn var lagðr, heimtaði endrgjalds á honum af Presthólahreppi.

62

30sta
desbr
1873.

Þegar Presthólahreppur hefir tekið fram, að tillag það til framfæris Sigurðar, er komið hefir frá tengdasyni hennar, væri of lítið, þar sem hann væri fær um að framfleyta henni að öllu leyti, getr þetta atriði eigi komið til greina í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að það verður að vera framfærsluhreppur ómagans, sem ber að fylgja kröfu þessari fram, og eigi hreppur sá, er ómaginn um stundarsakir er í. Íveruhreppur ómagans verður altaf að hafa beinan og frjálsan aðgang að framfærsluhreppnum.

Loksins hefir Presthólahreppur til fært þá sýknarástæðu, að Sigríður hafi eigi verið flutt heim til sveitar sinnar. Það er nú að visu svo, að Presthólahreppur hefir á sínum tíma heimtað þenna flutning, en eptir kringumstæðunum finst nægileg sönnun að vera komin fram fyrir, að Sigríður hefir eigi verið flutningsfær, enda hefir Presthólahreppur, eins og að framan er sagt, þar sem getið er um bréf hans 3. apríl 1867 eptir að honum var kynt, að Sigríður eigi þætti flutningsfær, slept kröfu sinni um flutninginn.

Samkvæmt öllu því, er þannig er sagt, ber hinn áfrýjandi úrskurður norðr- og austr- amtsins óraskaður að standa, þó þannig, að Presthólahreppur eigi auk þeirrar upphæðar, er fallin var til greiðslu 14. maí 1869, 114 rd. 92 sk., að endrgjalda fyrir hvert ár, er síðan er liðið til dánardags Sigríðar, meðlag Vopnafjarðarhrepps til hennar að frádregnum 10 rd. árlega, er Vopnafjarðarhreppur hefir undirgengist að taka hjá tengdasyni Sigríðar.

Þetta kynnist yðr hér með herra amtmaður til þess, að þér birtið það hlutaðeigöndum, og eruð þér bednir að sjá um, að Presthólahreppi verði á nægilegan hátt haldið til að lúka skuld þessa til Vopnafjarðarhrepps þannig, að fjórði þartr skuldarinnar borgist innan útgöngu næsta árs, 31. desbr 1874, og hinir 3 fjórðu þartrar innan útgöngu hvers árs, er þar eptir fylgir, síðasti þartrinn innan 31. desbr 1877.

63

23ðja
febrúar
1874.

Bréf landshöfðingjans (til stiptyfirvaldanna).

Með bréfi dagsettu 11. þ. m. hafið þér, herra amtmaður og þér háæruverðugi herra sent hingað bónarbréf frá prestinum á Undirfelli í Húnavatnssýslu sira Sigfúsi Jónssyni, þar er hann biður um að fá endrborgaða af hinum árlegu tekjum kirkjunnar á Tjörn á Vatnnesi skuld þá 411 rd. 5 sk., er hann átti hjá nefndri kirkju, þá er hann á síðastliðnu vori skilaði henni af sér og fluttist frá Tjörn að Undirfelli, og er skuld þessi af því risin, að beiðandinn árið 1868 lét endrbyggja kirkjuna af timbri.

Í bréfi, er fylgdi bænarskrá þessari, hefir prófastrinn í Húnavatnssýslu tekið fram, að kirkja sú, er beiðandinn hefir bygt á Tjörn, sé í alla staði hin snotrasta og vandadasta kirkja í héraðinu, og að það sé því fremr virðingarvert, að beiðandinn hefir skilið svo vel við kirkju sína, sem hann er mjög efnalíttill og hefir því orðið að vinna það til, að setja sjálfan sig í talsverðar skuldir. Hins vegar telur prófastrinn það kirkjunni ofvaxið, að endrborga alla skuld þessa, þar sem hinar árlegu tekjur hennar séu eigi meiri en rúmir 20 rd., og ársútgjöld hennar geta orðið misjöfn. Hann hefir þess vegna lagt það til, að það verði lagt á Tjarnarkirkju, að miðla beiðandanum um hin næstkomandi 15 ár því, sem afgangs verður af tekjum hennar, og ætlar hann, að það muni verða um 16 rd. árlega; en þér hafið meðal annars af þeirri ástæðu, að það sé ísjárvert að leggja tölverða byrði á kirkjuna um lengri tíma, þó þér séuð prófastinum samdóma um maklegleika beiðandans, látið það álit í ljósi, að það eptir kringumstæðunum mætti nægja að greiða beiðandanum 10 rd. á ári í 15 ár frá næstliðnum fardögum.

Út af þessu skal yðr til vitundar gefið, yðr til leiðbeiningar og til þess, að þér kunngjörrið það, að eg eptir atvikum þeim, er að framan eru greind og samkvæmt konungsúrskúrði 29. júní 1872 og erindisbréfi s. d. 19. grein samþykki, að beiðandanum, sira